

STJÓRNARTÍÐINDI A 28 – 1995

30. nóvember 1995

677

Nr. 121

LÖG

um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

Í stað „1. desember 1995“ í A-lið ákvæðis til bráðabirgða með lögnum, sbr. 1. gr. laga nr. 117/1995, kemur: 6. desember 1995.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 30. nóvember 1995.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Guðmundur Bjarnason.

23. nóvember 1995

Nr. 122

AUGLÝSING

um staðfesting forseta Íslands á breytingu á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum.

Forseti Íslands féllst hinn 7. nóvember 1995 á tillögu menntamálaráðherra um að staðfesta eftirfarandi breyting á reglugerð nr. 98/1993, fyrir Háskóla Íslands, með áorðnum breytingum:

1. gr.

5. mgr. 88 gr. orðist svo:

Standist stúdent, sem hefur lokið prófi í almennri lögfræði ásamt ágripi af réttarsögu, ekki endurtekningarpróf í annarri grein og hann endurinnritar sig til náms við lagadeild á næsta háskólaári, heldur hann einkunn sinni í þeim greinum, þar sem hann hefur hlotið 6,0 eða hærri einkunn.

A 47
Gutenberg